

HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
ÁRSSKÝRSLA 2014





Spyrnt í bakkann

Nú eru spennandi tímar hjá Héraðsskjalasafninu. Bæði eru loksins hafnar framkvæmdir við Safnahúsið en einnig er búið að samþykkja ný lög um opinber skjalasöfn. Hin nýju lög leggja auknar kröfur á skjalasöfn um að sinna eftirliti með skilaskyldum aðilum en einnig kröfur um að varðveisla gagna sé tryggð á skjalasöfnunum. Er það von okkar hér á safninu að þær framkvæmdir sem hófust hér í haust sé einungis byrjunin á frekari framkvæmdum sem eru nauðsynlegar til að við getum rekið héraðsskjalasafn með söma.

Framkvæmdirnar hafa óhjákvæmilegar raskað nokkuð starfsseminni. Fyrst og fremst hefur heimsóknnum fækkað enda aðgengi að húsnæðinu afar slæmt. Starfsmenn hafa tekið öllu því ónæði sem slíkom framkvæmdum fylgir með ótrúlegu jafnaðargeði enda eygja þeir von um betri vinnuaðstöðu og betra aðgengi.

Starfsmenn hafa í sjálfu sér einmitt verið að vinna að betra aðgengi þetta árið, þ.e. betra aðgengi að upplýsingum með skráningu gagna í gagnagrunna og nýjum miðlunarleiðum en einnig betra aðgengi að starfsmönnum með notkun samfélagsmiðla.

Nú eru líka spennandi tímar hjá héraðsskjalaverðinum sjálfum enda nýtekinn til starfa. Hefur héraðsskjalavörðurinn verið að setja sig inn í starfið og má þakka fyrir að hafa góða starfsmenn á safninu sem alltaf eru tilbúnir til að veita nýliðanum hjálp. Þá hefur Unnar Ingvarsson sem lét af störfum sem héraðsskjalavörður á árinu, alltaf verið tilbúinn til aðstoðar en það hefur verið ómetanlegt. Þökkum við honum kærlega fyrir aðstoðina og óskum honum velfarnaðar í nýju starfi.

Sólborg Una Pálsdóttir

Héraðsskjalavörður



Almenn starfssemi

Fastir starfmenn safnsins voru tveir í tveimur stöðugildum. Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður og Gísli Þór Ólafsson skjalavörður. Í upphafi sumars sagði Unnar starfi sínu lausu og Sólborg Una Pálsdóttir var ráðin í hans stað. Sólborg er með BA í sagnfræði frá Háskóla Íslands og MSc gráðu í Archaeological Information Systems frá University of York, Englandi. Hún hefur starfið við söguritun, skráningu og miðlun upplýsinga í safna- og minjavörslugeiranum frá 1995. Síðast vann hún sem verkefnastjóri hjá Minjastofnun Íslands.

Starfssvæði safnsins nær yfir Skagafjörð, þ.e. sveitarfélögin Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð.


Forstöðumaður héraðsskjalasafns er sem fyrr einnig forstöðumaður Listasafns Skagafirðinga.

Í haust var opnunartíma safnsins breytt. Nú er safnið opið alla virka daga frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00 en leitast er við að verða við óskum þeirra sem þurfa þjónustu utan þessa tíma.

Vegna framkvæmda við Safnahúsið hefur aðgengi að skjalasafninu ekki verið gott en við höfum leitast við að hafa opið og sinna öllum fyrirspurnum sem til okkar berast ásamt því að taka við gögnum til varðveislu. Óneitanlega fækkar þó heimsóknnum en ákveðið var að veturinn 2014-2015 væri notaður til að fara yfir skráningar og gagnagrunna.



Gestakomur og fyrirspurnir



Fjöldi fyrirspurna fækkur nokkuð frá árinu 2013 eða úr 659 í 511 en það verður þó að teljast ásættanlegt vegna þeirra framkvæmda sem nú eiga sér stað. Um 31% fyrirspurna koma frá konum en um 69% frá körlum. Þetta segir þó alls ekki alla söguna eða gefur rétta mynd þar sem töluverður fjöldi fyrirspurna koma frá stofnunum, félagsamtökum eða fyrirtækjum.

Fækkun hefur orðið á gestum á safnið eða úr 1402 gesti 2013 í 646 gesti árið 2014. Að nokkru leyti má kenna framkvæmdum og slæmu aðgengi að safninu enda má sjá að heimsóknnum snarfækkar með haustinu. Önnur ástæða er vafalítið sú að Unnar Ingvarsson lét að störfum en mörgum þótti hann góður heim að sækja. Vonum við að fastagestir fari að leggja leið sína aftur á safnið þegar framkvæmdum lýkur. Sem fyrr voru karlar í miklum meirihluta gesta eða 69%.

Skjalasafnið hefur tekið upp nýja skráningu á gestum og fyrirspurnum og hófst sú skráning 1. janúar 2015. Þar er mun nákvæmari útlistun á fyrirspurnunum, í hvaða gögn er verið að sækja, hverjir og hvers vegna. Safnið vinnur einnig að því að auka þjónustu við almenning í gegnum netið sem gerir fólki kleift að nálgast mikið af upplýsingum upp á eigin spýtur.



Húsnæði

Í haust hófust langþráðar endurbætur á Safnahúsinu er framkvæmdir hófust við byggingu lyftuhúss. Er ætlunin að þeim framkvæmdum muni ljúka með vorinu.

Héraðsskjalasafnið hefur um langt skeið bent á húsnæðisskort safnsins og þörfina á viðhaldi hússins og er því mikilvægt að ekki verði hér látið staðar numið heldur haldið áfram að endurbæta húsnæðið. Skjalageymslan er orðin yfirfull og aðstaða starfsmanna afar léleg. Sérhæfar geymslur fyrir ljósmyndir og listaverk eru ekki til staðar.

Farsælast væri að stækka geymslur skjalasafnsins umtalsvert. Safnið gæti þá tekið örar við gögnum frá skilaskyldum aðilum og þannig minnkað þörf þeirra til að reka stórar skjalageymslur.

Samkvæmt nýjum lögum um opinber söfn verður húsnæði skjalasafna að uppfylla ýmis skilyrði til að tryggja langtíma varð-

veislu skjalanna og er það ein undirstaða þess að fá rekstrarleyfi fyrir skjalasafni. Von bráðar mun verða gefin út reglugerð sem segir frekar til um hver þessi skilyrði eru. Brýnt er að fara vinna strax að því að uppfylla þessar kröfur svo Skagfirðingar missi ekki leyfi til að reka sitt eigið héraðsskjalasafn.





Gömlu húsín

Árið 2013 hlaut Héraðsskjalasafnið styrk frá Menningarráði Norðurlands vestra til að gera aðgengilegar upplýsingar um nokkur sögufræg hús í Skagafirði en auk þess var ætlunin að birta gamlar ljósmyndir af húsunum.

Verkefnið var búið að vera lengi í bígerð en megin flöskuhálsinn var birting upplýsinga. Að endingu var farin sú leið að birta gögnin í google map. Þar birtast grunnupplýsingar með vísun í frekari upplýsingar sem finna má í gagnagrunni safnsins og nálgast má á heimasíðu þess. Við tvö húsanna voru gerðar tilraunir með að útbúa (youTube) myndband þar sem sjá má gamlar myndir af húsunum og íbúum þess í bland við upplýsingar. Er hugmyndin sú að hægt sé að nálgast þessar upplýsingar á snjallsímunum á göngu um bæinn.

Nú fyrst um sinn voru þetta eingöngu hús á Sauðárkróki en við erum farin að vinna

upplýsingar um hús í dreifbýlinu. Ætlunin er að halda áfram með þetta verkefni eins og kostur er, bæði miðla upplýsingum um fleiri hús, bæta við fleirum youTube myndböndum og gera tilraunir með að gera upplýsingarnar aðgengilegar í snjallsímunum fyrir fólk á faraldsfæti.

BYGGINGARFRÆÐI SKAGAFIRÐINGA

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur að geyma ýmsan fróðleik um byggingarfræði Skagfirðinga svo sem brunabótamat, gögn byggingarmehöndur og úttektir. Sætrið vinnur að því að miðla hér upplýsingum um elstu og sögufrægustu hús héraðsins. Til verkefnisins fékk safnið styrk frá [Menningarráði Norðurlands vestra](#).





Ljósmyndasafn

Skráning Ljósmyndasafns Héraðs-skjalasafns Skagfirðinga hélt áfram á árinu, sem undanfarin ár. Eftirtaldir starfsmenn voru verkefnaráðnir á árinu 2014 vegna sérstaks átaksverkefnis þriggja héraðs-skjalasafna sem fékk 5 milljóna króna styrk frá Alþingi:

Sigurdríf Jónatansdóttir 50%

Ingunn Ásta Jónsdóttir 80%

Rökkvi Sigurlaugsson 70%

Þá var Sigrún Fossberg Arnardóttir ráðin í tímabundin verkefni á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar í 50% starf við skráningu mynda.

Á lokaári þessa átaksverkefnisins verður lögð áhersla á að ganga frá frumgögnum, þ.e. að tryggja varðveislu þeirra til langs tíma með því að pakka myndasöfnum í viðeigandi umbúðir. Einnig verður unnið að aukinni leitarbærni safnanna og sam-

tengingu við leitarvélar – hér er einkum horft til samstarfs við www.leitir.is en ætlunin er að gera myndagrunna safnanna þriggja aðgengilega í gegnum þessa leitarvél í samvinnu við Landskerfi bókasafna hf. Þessi vinna er enn á forstigi og unnið er að þarfagreiningu vegna hugbúnaðar.

Á safninu er áætlað að 5.000 myndir verði skannaðar á árinu 2015 og þá sé búið að skanna meirihluta þeirra myndasafna sem varðveittar eru á safninu eða um 95.000 myndir. Megináherslan verður á skráningu mynda og stefnt að því að skrá um 20.000 myndir. Heildarfjöldi skráðra mynda verði um 70.000 myndir. Áætlað er að setja allar forskráðar og skráðar myndir á www.skagafjordur.is/myndir og verði heildarfjöldi mynda þar um 70.000 í lok ársins.



Miðlun



Í september 2014 opnaði héraðsskjalasafnið fésbókarsíðu. Vinna við síðuna hefur að mestu hvílt á Sigrúnu Fossberg Arnardóttur. Síðan hefur fengið mjög góðar viðtökur en um áramótin var síðan komin með 700 áhangendur (likes). Síðan er notuð til að kalla eftir upplýsingum um myndir úr myndasöfnum skjalasafnsins en einnig til að gefa fólki mynd af daglegu starfi á safninu og kynna viðburði sem við tökum þátt í eða stöndum fyrir. Eini gallinn við fésbókina er hve margir eldri borgarar

veigra sér við nota hana en þetta er einmitt hópur sem við viljum gjarnan vera í góðu sambandi við.

Upplýsingar á heimasíðu safnsins voru uppfærðar lítillega en einnig var bætt við hana upplýsingagátt um gömlu húsin (sjá fyrri umfjöllun). Stefnt er að því að gera skjalaskrána aðgengilega á heimasíðunni og er verið að vinna að því. Héraðsskjalasafnið tekur einnig þátt í verkefni með Þjóðskjalasafni um að gera skrá yfir einkaskjöl aðgengilegar á einkaskjalasafn.is.



Gefendur og afhendingar 2014

Árni Bjarnason, Uppsölum
Ásbjörg Valgarðsdóttir, Sauðárkróki/
Kvenfélag Rípurhrepps
Einar E. Einarsson, Syðra-Skörðugili
Garðar Guðjónsson, Sauðárkróki
Gísli Þór Ólafsson Sauðárkróki/
Leikfélag Sauðárkróks
Guðbrandur Þór Jónsson, Saurbæ í
Fljótum
Gunnar Rögnvaldsson, Löngumýri
Gunnar Steingrímsson, Sauðárkróki
Helga Bjarnadóttir, Varmahlíð
Helga Sigurbjörnsdóttir og Björn
Sverrisson, Sauðárkróki.
Hörður Ingimarsson, Sauðárkróki/
Edda Skagfield
Hörður Ingimarsson, Sauðárkróki/
Sveinn Friðvinsson
Ingibjörg Hafstað, Vík
Jón Gissurarson, Víðimýrarseli
Kristbjörg Bjarnadóttir, Litlu-Brekku
Kristín Jónsdóttir, Sauðárkróki/
Brunavarnir Skagafjarðar
Leifur Hreggviðsson frá Byrgisskarði
Páll Ragnarsson, Sauðárkróki.

Sigrún Fossberg/Elísabet
Ögmundsdóttir Sauðárkróki
Sigurlaug Helga Maronsdóttir,
Sauðárkróki
Stefán Pedersen, Sauðárkróki
Svava María Ögmundardóttir,
Sauðárkróki
Þóra Sigrún Kristjánsdóttir,
Sauðárkróki
Þórunn Skaptadóttir frá Sjöunda-
stöðum í Fljótum



Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Ársskýrsla 2014.
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki, mars 2015.

Allar myndir, fyrir utan myndir á blaðsíðu 9, 11 og 15, koma úr myndasafni Guðjóns Ingimundarsonar

